

Nr. 17 019 S 012 Herjólfur**Reykur í íbúðum**

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088
Útgerð: Eimskip Island ehf
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 12
Farþegar: 137



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slyaskýrsla frá skipi
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. desember 2016 var ferjan Herjólfur á leið frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Veður: SSA 24 m/s og þungur sjór (Surtseyjardufl 6,7 m).

Um kl. 16:00 fór brunaviðvörunarkerfi í gang og sýndi eld/reyk í fimm farþegaklefum, almenningi ásamt áhafnarklefa. Óskað var eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga (VSS) og íbúðir voru rýmdar. Í ljós kom að reimar höfðu slitnað í loftræstiblásara fram á skipinu en við það myndaðist reykur og gúmmílykt. Kl. 16:25 var ósk um aðstoð afturkölluð.

Við rannsókn kom fram:

- að reykurinn varð mestur í svo kölluðum almenningi þ.e.a.s. í sal undir bílaþilfari. Vegna slæms veðurs var salurinn fullnýttur af farþegum ekki síst vegna sjóveiki en fram kom að illa hefði gengið að rýma skipið vegna hennar;
- að hjá skipstjóra kom fram að of fáir skipverjar hefðu verið um borð til að takast á við þessar aðstæður en svo vel vildi til að tveir áhafnarmedlimir sem voru í fríu voru meðal farþega og aðstoðuðu skipverja við rýmingu;
- að aðstoða þurfti marga farþega til að komast á mótstað en það náðist að rýma skipið á 10 til 15 mínútum;
- að fjarskipti innan skips milli stjórnþalls og skipverja voru slæm, sérstaklega frá stjórnþalli niður í almenning;

- að fyrstu upplýsingar frá skipi til VSS voru að 132 manns væri um borð en síðar kom í ljós frá rekstrarstjóra skipsins að í áhöfn væru 12 og farþegar hafi verið 137 eða samtals 149 manns. Í ljós kom að engin skráning var á farþegum sem voru með skipinu í þessari ferð;
- að eftir þetta atvik var skipaður starfshópur hjá rekstraraðila skipsins til að fara yfir talningar-og skráningarkerfi þess varðandi fjölda farþega um borð. Fram komu ýmsar brotalamir í kerfinu sem búið sé að lagfæra.

Nefndarálit:

Ástæða óhappsins var bilun í loftræstiblásara.

Ábendingar til rekstraraðila:

1. Að skráningarkerfi um fjölda farþega, samkvæmt reglum þar um, verði tekið upp strax.
2. Að endurskoðun verði gerð á fjölda í áhöfn að teknu tilliti til öryggi skips, áhafnar og farþega.
3. Að fjarskiptabúnaður milli áhafnar innan skips sem utan verði lagfærður.